

Ársskýrsla Bókasafns Akraness 2023



BÓKASAFN AKRANESS
AKRANES PUBLIC LIBRARY



leitir.is



Rafbókasafnið



Landskerfi bókasafna

Landsaðgangur
AÐ RAFRÆNUM ÁSKRIFTUM

hvar.is

Tímarit.is

Lykiltölur

Útlánuð gögn: 33.202 (32.668)*

Útlán rafbókasafn: 575 (607) útlán. 26 (21) notendur

Bókin heim: 1.441 (1.127)

Virkir lánþegar: 1.500 (1.510)

-konur: 1.033 (1.054)

-karlar: 443 (429)

-stofnanir: 24 (27)

-lán per lánþega: 21,7 (21,6)

Sögustundir fyrir börn: 16

Fjöldi barna á sögustundum: 75, 4-5 börn í hvert skipti auk foreldra.

Heimsóknir leikskólabarna, skipulagðar: 25 heimsóknir, 260 börna auk kennara.

Heimsóknir grunnskólabarna, skipulagðar: 18 heimsóknir, 364 börn auk kennara.

Gestakomur samkvæmt teljara í hliði 15. júní – 18. des (telur ekki innkomur um barnadeild og Svövusal): 41214

Fjöldi viðburða, sýninga, fyrirlestrar, námskeið, foreldramorgnar: 50

Leshringir, fjöldi funda – fjöldi þátttakenda: 12 (11) fundir – 18 þátttakendur/2 hópar

Svövusalur – aðgangskort: 40 kort

Safnkostur skráður í Ölmú: 76.425 eintök

Starfsfólk: Fastráðið í 3,75 stöðugildi, lausráðið í 22,5 % stöðugildi yfir vetrarmánuðina, 100 % sumarstarf. 1,2 stöðugildi í samvinnu við Akraneskaupstað.

Faglærð störf/ ófaglærð störf: 2 stöður háskólamenntaðra starfsmanna, 1,75 stöðugildi bókavarða (stúdentspróf eða önnur menntun)

Íbúafjöldi á Akranesi 1. jan 2024 var 8243 (8000)

*Til samanburðar eru tölur frá árinu áður í sviga ().

Stjórn safnins

Bókasafnið heyrir undir mennta- og menningarsvið Akraneskaupstaðar. Sviðsstjóri er Dagný Hauksdóttir.

Menningar- og safnanefnd fer með stjórn menningarmála og menningartengdra verkefna og málefna. Vera Línal Guðnadóttir er verkefnastjóri menningar- og safnamála og tengiliður Bókasafns við menningar- og safnanefnd. Bókasafnið starfar samkvæmt Bókasafnslögum nr. 150/2012.

Fastráðið og lausráðið starfsfólk

Bókaverðir eru þær Ásta Björnsdóttir, Geirlaug Jóna Rafnsdóttir og Hrafnhildur Maren Árnadóttir, Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir deildarstjóri og Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir, safnstjóri. Í upphafi árs var Ingibjörg lausráðin til eins árs í stöðu bæjarbókavörðar en í lok árs 2022 lét Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður af störfum.

Lausráðið starfsfólk: Bjargey Magnúsdóttir tilfallandi afleysingar, sumar- og vetrarstarfsmaður: Málfríður Júlía Ingvarsdóttir.

Starfsfólk á vegum Vinnumálastofnunar/Akraneskaupstaðar: Anastasiia Krasnoselska 70% hlutastarf og Bohdan Dobrovolski 50 % hlutastarf.

Yfirlit yfir starfsemina



Í lok árs 2022 var keypt ný sjálfsafgreiðsluvél og öryggishlið á safnið. Það tók um fjóra mánuði fyrir tvo starfsmenn að setja örmerki í allt efni safnsins sem staðsett er frammi á safninu. Tekin var ákvörðun um að setja ekki örmerki í efni staðsett í geymslu nema það sé lánað út og þá örmerkt jafnóðum. Með örmerkingu var safnkostur í sal grisjaður eftir þörfum.

Öryggishliðin voru sett upp og 15. júní voru þau tilbúin til notkunar. Öryggishliðin segja okkur til um hvort lánþegar hafi farið rétt að við útlán úr sjálfsafgreiðsluvélinni og mjög hentugt að geta gripið stax inn í þegar mistök hafa verið gerð. Þá telja hliðin inn og útkomur á safninu.

Hér er mynd af Ester en hún var fyrsti lánþegi okkar til að nota nýju vélina.

Safnkostur

Eintök eftir efnistegund í árslok 2023

Efnistegund	Fjöldi 2023	Fjöldi 2022	Fjöldi 2021
Bækur	60.661	60.643	50.590
Gagnasett	61	61	69
Geisladiskur	713	834	834
Geisladiskur/hljóðb.	242	244	251
Hljómplata	37	37	37

Innb. Tímarit	1.526	1.527	1.556
Kort	17	17	17
Mp3 hljóðbók	873	881	883
Myndband – video	39	39	39
Mynddiskur – dvd	785	940	943
Nótur	114	117	117
Snælda/hljóðbók	36	36	36
Spil	57	55	35
Tímarit	11.191	11.155	11.497
Tæki	23	23	21
Tölvugögn	10	5+8+5	
Annað/safnfærslur	42		
Samtals	76.425	76.627	76.425

Afskráð og nýskráð eintök

Afskrifuð voru samtals 3.263 eintök og 1.839 eintök voru nýskráð.

Eintök eftir safndeild

Safndeild	Fjöldi safngagna
Almenn deild	25.615
Barnadeild	6.034
Björnssafn	3.190
Brekkubæjarskóli	4
Byggðasafn	648
Geymsla	27.157
Handbókadeild	105
Haraldarsafn	4.596
Héraðsskjalasafn	315
Jólabækur	80
Smábarnadeild	2.394
Teiknimyndasögur	1.394
Unglingadeild	733
Átthagadeild	4.158
Millisafnalán	2
Samtals	76.425

Útlán eftir lánþegastöðu og kyni

Notendahópur	kk	kvk	Annað	Samtals
Fullorðinn	2.356	10.620	1	12.976
Frítt skírteini	2.399	9.508		11.907
Börn 0-12 ára	3.126	4.517	21	7.664
Unglingar 13-17 ára	123	192	1	313
Annað				342
Samtals	8.004	24.837	23	33.202

Útlán eftir mánuðum á árum. Til samanburðar eru árin 2020 - 2022

Útlán	2023	2022	2021
Janúar	2.482	2.516	3.340
Febrúar	2.294	2.426	3.086
Mars	2.511	2.889	3.661
Apríl	1.934	2.255	2.714
Maí	2.067	2.217	2.775
Júní	2.886	2.617	3.628
Júlí	2.277	2.730	3.713
Ágúst	2.421	2.556	3.134
September	2.155	2.218	2.824
Október	2.491	2.105	2.903
Nóvember	2.540	2.269	3.071
Desember	2.093	2.095	2.553
Endurnýjanir Alma	4.476	2.168	-
Samtals:	32.627	31.061	37.402
Rafbókasafn	575	607	809
Annað	-	1.000	500
Samtals	33.202	32.668	38.711

Útlán og skil í sjálfsafgreiðsluvél

Útlánskóði	Fjöldi 2023
Útlán	12.838
Skil	16.163
Samtals	29.001

Bókin heim

Bókin heim er heimsendingaþjónusta til þeirra sem sem komast ekki á safnið. Samtals voru lánuð 1.441 safngögn á árinu og virkir notendur voru á bilu 8 – 11 á mánuði.

Dúllurnar og Kallaspjallið

Handavinnuhópurinn Dúllurnar hittist annan hvern miðvikudag yfir vetrarmánuðina og hópur karla hittist í hádeginu á föstudögum, ræða málefni líðandi stundar og kíkja í blöðin.

Leshópar

Tveir leshópar eru á safninu og þeir í umsjón bæjarbókavardar. Hóparnir starfa yfir vetrarmánuðina og lesa eina bók á mánuði hvor. Á fundum er bók mánaðarins rædd sem og aðrar bækur. Alls eru 18 meðlimir í leshópunum.

Skiptimarkaðir



Nokkrar útfærslur af skiptimörkuðum voru prufaðar. Öskudagsbúningar, spariföt,

afleggjarar og spil. Gestir tóku mjög vel í þetta framtak og má gera ráð fyrir ýmsum útfærslum af skiptimörkuðum í framtíðinni.

Lánþegar

Virkir lánþegar eru lánþegar sem notuðu bókasafnskortið sitt á safninu árinu 2023. Þeir lánþegar sem nýttu Rafbókasafnið og skráðu sig inn á korti frá okkur eru ekki taldir með.



Kyn	2023	2022	2021
Karlar	433	429	402
Konur	1.033	1.054	959
Aðrir	26	27	22
Samtals	1.502	1.510	1.372

Vart marktækur munur er á milli áranna 2022 og 2023. Það er einstaklega ánægjulegt í ljósi mikilla vinsælda efnisveitunnar Storytel og algers hruns í útlánunum og útgáfu hljóðbóka.

Barnastarf

Bókasafnið býður upp á fjölbreytt barnastarf allt árið. Sögustundir, smíðjur, sumarlestur og fleira.

Sögustundir

Á fyrrihluta árs var boðið upp á sögustundir á íslensku, pólsku og úkraínsku. Íslensku í hverri viku en pólsku og úkraínsku til skiptis. Mæting á íslensku sögustundirnar var góð og bættist í eftir því sem leið á árið en mjög dræm eða engin á þá pólsku og engin á úkraínsku. Það varð úr að sögustundirnar á pólsku og úkraínsku voru lagðar niður. Pólska sögukonan lagði fyrir könnun á síðu pólska samfélagsins og þar sem undirtektirnar voru engar var sú ákvörðun tekin.

Að venju tókum við þátt í vali á Bókaverðlaunum barnanna. Bókaverðlaun barnanna er samvinnuverkefni almennings- og skólabókasafna landsins þar sem börnin velja þær bækur sem þeim líkar best. Sigurvegarar 2023 voru: Orri óstöðvandi: daumur um Möggu messi (íslensk) og Dagbók Kidda klaufa: meistari (þýdd).

Foreldramorgnar

Alla fimmtudagsmorgna býðst foreldrum ungra barna að hittast og eiga góða stund saman. Morgnarnir voru vel sóttir eða 5-15 foreldrar ásamt börnum. Einn viðburður var fyrir þennan hóp, Rie – fyrsta æviárið.

Sumarlestur

Þema sumarlestursins í ár var *Íþróttir á Akranesi*. Krakkar á aldrinum 6 – 12 ára mega taka þátt og fá þar til gerða lestrarskráningarbók þar sem þau skrá niður þær bækur sem þau lesa og hversu margar blaðsíður. Iðkendur frá Íþróttafélögunum komu og hittu þá krakka sem voru á safninu og sögðu þeim frá starfsemi síns félags. Fyrir hverja bók sem

lesin var fengu krakkarnir íþróttatengda miða sem þau skráðu nafn og símanúmer á og hengdu í net. Á fimm bóka fresti fengu þau að búa sér til barmmerki með mynd að eigin vali.

Fjöldi þátttakenda	Lesnar blaðsíður	Per þátttakenda
164	51.296 bls/921 bók	313 bls./5,61 bók



Í sumarlok kom til okkar hinn eini sanni Jörgen Nilsen og sá um uppskeruhátíðna með hinum ýmsu þrautum og leikjum.

Smiðjur

Tvenns konar smiðjur voru á vegum bókasafnsins á árinu. Annars vegar myndlýsingarsmiðja og hins vegar teiknimindasagnasmiðja.



Myndlýsingasmiðja

Tinna Rós Þorsteinsdóttir listakona var með námskeið í myndlýsingu. Þar völdu krakkar sér sögur og myndskreyttu með pop up myndum sem þau lærðu að búa til.

Á lokadeginum var sýning fyrir foreldra og aðra aðstandendur þar sem krakkarnir sýndu afrakstur sinn.

Teiknimyndasagnasmiðja

Vilborg Bjarkadóttir var með teiknimyndasagnasmiðju fyrir 13 – 18 ára. Einingis 4 þátttakendur skráðu sig en öll höfðu gaman af. Síðasti klukkutími seinni dagsins var nýttur í að sýna foreldrum og gestum afraksturinn.

Bókasafnið var í samvinnu við IceDocs heimildamyndahátíðina sem haldin var í júní, þriðja árið í röð, um námskeið í stuttmyndagerð fyrir börn. Námskeiðið fór fram í Svövusál vikuna 19. – 24. júlí og kom leiðbeinandi frá IceDocs.

Öskudagur



Að venju var tekið á móti syngjandi börnum á Öskudaginn. Um 450 söngvarar heimsóttu safnið.

Laugardagar eru fjölskyldudagar

Laugardagar hafa verið mjög vel sóttir á árinu eða allt að 140 gestir í senn en opið er á milli kl 11-14.



Sýningar og viðburðir

Fjölmargar sýningar og viðburðir voru á safninu á árinu.

Sýningarrými er á tveimur veggjum auk sýningarkassa og flexa. Þá voru gaflar bókahillna og gluggar einnig notaðir til sýninga.

Lærðu að elska þig

Arnbjörg Kjartansdóttir sýndi akrýl, olíu og krítarverk. Sýningartími 15. febrúar – 12. mars.

Leikskólinn minn

Nemendur leikskólans Akrasel voru með myndlistasýningu. Sýningartími 15. mars – 12. apríl.

Úr ólíkum áttum

Sýning á verkum í eigu Akraneskaupstaðar. Sýningartími 15. mars – 12. apríl.

Svart og hvítt

Cathrine Soffía Guðnadóttir sýndi skúlptúra úr marmara og skissur úr vinnsluferlinu. Sýningartími 19. apríl – 12. maí.

Gengið að göflunum

Samsýning 29 listamanna úr Listfélagi Akraness. Sýningartími 16. júní – 15. ágúst.

TEIKNIMYNDASAGNASMIÐJA
á Bókasafninu
Þýr saga í þér sem þú vilt koma niður á blað með myndum og orðum?
Ef svo er þá er kjörið fyrir þig að koma og sitja teiknamyndasögu-smíðju.
7. og 14. október frá 12:00 - 14:00
13 - 18 ára, byrjendur sem lengra komnir

Smiðjuumsjón:
Vilborg Bjarkadóttir, menntuð
í myndlist, þjóðfræði og
kennslufræðum.
Gjaldfrjálst

Plast

Tinna Rós Þorsteinsdóttir, Edda Agnarsdóttir og Sjöfn Magnúsdóttir sýndu verk unnin úr plasti. Sýningartími 31. ágúst - 10. okt.

Skapandi straumar

Samsýning fjögurra listamanna, Angela Árnadóttir með olíuverk, Arndís Magnúsdóttir með ljóð, Guðný Sara Birgisdóttir með skúlptúra úr leir og Valgerður Magnúsdóttir með útsaumsverk. Sýningartími 15. október – 14. nóvember,

Jólaútsaumur

Gamall jólaútsaumur úr ýmsum áttum.

Viðburðir og fyrirlestrar voru fjölbreyttir og dreifðust yfir árið.

Fallegri bær með Jóni Sverrissyni garðyrkjustjóra

Jón var með fyrirlestur um vinnuskólann og starf garðyrkjustjóra á Akranesi.

Rie – fyrsta æviárið

Örfyrirlestur með Huldu Margréti um Rie uppeldisaðferðina á fyrsta æviárinu.

Spilað með Jörgen

Jörgen Nilsen kom með spil sem hann býr til úr tré og spilaði við gesti.

Bókmenntakvöld

Bókmenntakvöldið var haldið í 10. skipti og var mæting mjög góð eða um 120 manns.

Gestir kvöldsins voru:

Vilborg Davíðsdóttir: Land næturinnar

Friðgeir Einarsson: Serótóníuendurupptökuhemlar

Bergþóra Snæbjörnsdóttir: Duft

Eva Björg Ægisdóttir: Heim fyrir myrkur

Einar Már Guðmundsson: Því dæmist rétt vera

Vigdís Grímsdóttir: Ævintýrið

Eins og vanalega var það Sigurbjörg Þrastardóttir sem stýrði dagskránni og yfirskrift kvöldsins var *Ó, rétt fyrir fallega ævintýranótt*.

Snjöll eru kvennaráð – lífslausnir fyrir konur

Halldóra Skúladóttir var með fyrirlestur um breytingaskeiðið.

Náttúrulögmálin

Eiríkur Örn Norðdal rithöfundur kynnti nýjustu bók sína Náttúrulögmálin.

Rökkurstund

Bókasafnið í samvinnu við Norræna félagið hélt upp á Norræna bókmenntaviku með rökkurstund. Halldóra Jónsdóttir fyrrverandi bæjarbókavörður las sögu kvöldsins, Hjördís Hjartardóttir, formaður Norræna félagsins var kynni og nemendur og kennarar úr tónlistaskólanum spiluðu fyrir gesti. Sett var upp örsýning á munum tengdum norrænum jólum en þema vikunnar var einmitt Norræn jól. Gestir safnsins lánuðu muni á sýninguna.



Nemendatónleikar

Nemendur Tónlistaskóla Akraness héldu jólatónleika á safninu 13. desember og var þátttaka góð.

Skýrslan var byggð á árslokátölfræði Landskerfis bókasafna fyrir árið 2023 auk þeirra verkefna sem unnin voru á safninu á árinu.

Ársreikningur 2022 (29.02.24)

Niðurstaða ársreikninga Bókasafns Akraness var jákvæð um 1.714.426 kr. auk þess var jákvæð staða á innri leigu 1.287.254 kr.

29.02.24 – Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir